

Orkuveita Reykjavíkur
Ingólfur Hrólfsson
Bæjarhálsi 1
110 REYKJAVÍK

2006020068
8717; 9310

Reykjavík, 18. apríl 2006
/--

Efni: Borun tveggja rannsóknarhola á austanverðum Ölkelduhálsi í Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Orkuveitu Reykjavíkur dags 23. febrúar 2006. Þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt borun tveggja rannsóknarhola á austanverðum Ölkelduhálsi í Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2c i í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits hjá Sveitarfélaginu Ölfusi, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 17. mars 2006, Ferðamálastofu með bréfi dags. 7. apríl 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. mars 2006, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 4. apríl 2006, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 13. mars 2006, Orkustofnun með bréfi dags. 13. mars 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. mars 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Orkuveitu Reykjavíkur með bréfum dags. 15., 16. og 30. mars og 11. apríl 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Í framlögðum gögnum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að framkvæmdir vegna borana tveggja rannsóknarhola á austanverðum Ölkelduhálsi feli í sér lagningu vegar að öðru borstæðinu, vatnstöku, borun og prófun á rannsóknarholum, efnistöku auk förgunar affallsvatns frá holunum. Borstaðir hafi eftir fremsta megni verið valdir sem næst núverandi vegum og vegslóðum, en þó þannig að með borun fáiast nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika jarðhitakerfisins. Rask verði nær ekkert vegna gerðar borstæðis A, sem sé við línuveginn yfir Bitru, en að borstæði B þurfi að leggja um 300 m langan og 4 m breiðan veg frá línuveginum að stærstum hluta um ógróið svæði sem þurfi að vera fær fyrir stórvirk tæki og flutninga. Áætlað sé að um 2.000 m³ af fylliefni þurfi

til veglagningarinnar. Á borsvæðunum þurfi að útbúa um 4.000 m² borstæði og reikna megi með um 3.000-5.000 m³ af fylliefni fyrir hvort borstæði. Allt fylliefni verði flutt á staðinn en ekki rutt upp. Að borun lokinni verði borstæðið lagfært þannig að það falli sem best að umhverfinu og sáð í sárin ef það eigi við. Fram kemur að borað verði niður á 3.000 m dýpi og að holurnar verði boraðar eins og vinnsluholur og geti verið lóðréttar eða stefnuboraðar. Borun hveirrar holu taki 1 til 2 mánuði og blástur 3-6 mánuði. Við borun þurfi að staðaldri 30 til 40 l/s af vatni og gert sé ráð fyrir að afla kælivatns fyrir borinn úr vatnsöflunarholum í nánd við borstæðin sem voru gerð við fyrri rannsóknaboranir á Ölkelduhálsi. Borvatnslögn verði lögð frá vatnsökuholunum á yfirborði að borstæði og fjarlægð að loknum borunum. Frárennsli frá borholum verði sigtað til að skilja frá grófasta borsvarfið sem falli á borstæðið og því jafnað út þar. Borvatn verði síðan leitt í svarfpró þar sem megnið af fíngerðara borsvarfi botnfalli. Borvatni sem rennur frá svarfprónni og frárennsli frá blásandi borholu verði beint í svelgholu eða borholu ef lítið verði um sprungur í næsta nágrenni borstæðis. Þá verði allt efni og búnaður sem ekki tengist nýtingu holunnar fjarlæggt. Fram kemur að fyrirhugaðar rannsóknaboranir séu liður í undirbúningi nýtingar jarðhita og leit að framtíðarvinnslusvæðum. Ef boranir á Ölkelduháls svæðinu leiði í ljós að um vænlegt vinnslusvæði sé að ræða sé mögulegt að nýta svæðið með því reisa þar jarðgufuvirkjun og tengja borholurnar við hana. Um væri að ræða hefðbundin mannvirki jarðgufuvirkjunar til rafmagnsframleiðslu, önnur en stjórnstöðvar- og þjónustubyggingar. Virkjun yrði þá tengd Nesjavalla- eða Hellsheiðarvirkjun.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar rannsóknarholur á Ölkelduhálsi séu á grannsvæði vatnsverndar. Við borframkvæmdir verður lagður olíuheldur dúkur undir vélar og búnað þar sem hætta er á olíuleka og jafnfram verði mengunarvarnarbúnaður og viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar til staðar á framkvæmdasvæði Hellsheiðarvirkjunar. Haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um þau atriði sem lúta að hugsanlegri mengunarhættu og verði óhöpp beri að tilkynna þau til Orkuveitunnar og Heilbrigðiseftirlitsins.

Sjónræn áhrif og áhrif á hljóðvist. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Ölkelduháls tilheyrir austurhluta Hengilssvæðisins. Samkvæmt áliti Líffræðistofnunar sé sá hluti svæðisins talinn hafa mikið gildi fyrir útivist og vegna landslags. Aðkomuleiðir, borstæði og borholur muni hafi nokkur sjónræn áhrif og borun og prófun borhola geta valdið tímabundnum sjónrænum áhrifum vegna bormasturs og gufustróka frá blásandi borholum sem geta verið áberandi. Að borunum loknum verði borstæðin lagfærð þannig að þau falli sem best að umhverfinu og sáð í sár þar sem það á við. Fram kemur að þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði sé nálægt vinsælu útivistarsvæði geti hávaði frá blæstri hugsanlega valdið útivistarfólki ónæði. Þessi truflun sé hins vegar tímabundin og bundin við nágrenni borholanna.

Áhrif á gróður og fugla. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands geri engar athugasemdir við staðsetningu fyrirhugaðra borsvæða. Lögð sé áhersla á að taka tillit til gróðurs á fyrirhuguðum borsvæðum og gera ráðstafanir til að skerða hann ekki. Með því að leggja vegslóða að borsvæði B að mestu um ógróið svæði verði rask gróðurlenda í lágmarki. Gróðurlendi raskist sem nemi því svæði sem fari undir borstæði. Engar sjaldgæfar plöntur eða plöntur á valista hafi fundist á borsvæðunum. Með tilliti til reynslu af blæstri rannsóknarhola á Hellsheiði verði sérstaklega hugað að því hvað verði um frárennsli frá

borholum við borun og prófanir svo að frárennsli leiði ekki til vatnsrofs eða spilli gróðri og muni fyrirkomulag við losun frárennslis og borvatns taka mið af því. Því sé búist við óverulegum áhrifum á gróður.

Fram kemur að samkvæmt niðurstöðum rannsókna Náttúrufræðistofnunar Íslands á Ölkelduhálssvæðinu og í Reykjadal hafi alls 10-12 tegundir verið skráðar sem varpfuglar. Í nágrenni Ölkelduháls verpi hrafn og fálki sem séu á válista. Orkuveitunni hafi verið bent á nákvæma staðsetningu fálkaseturs á svæðinu. Gert sé ráð fyrir að áhrif framkvæma við rannsóknaborun á fugla verði óveruleg.

Áhrif á vatnafar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að affallsvatn verði leitt í sprungu eða svelgholu nálægt borstæðum, til að vatn frá blásandi borholu eigi greiðari leið niður í jarðlög. Lítil mengunarhætta sé talin vera af frárennsli skolvatns við borun því efni sem notuð verða eru annað hvort náttúrulegar steindir eða efni sem brotna mjög hratt niður. Búast megi við að hiti í yfirborðsgrunnvatni hækki eitthvað næst holunni á meðan á framkvæmdum standi þar sem frárennsli hverfur í jarðlög. Einnig megi búast við að styrkur uppleystra efna aukist. Talið sé að losun affallsvatns við borun og blástursprófanir muni hafa óveruleg varanleg áhrif á grunnvatn á Ölkelduhálssvæðinu, þar sem um sé að ræða lítið magn og takmarkaða útbreiðslu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að rannsóknaboranirnar séu fyrirhugaðar á svæði sem sé skilgreint sem opið óbyggt svæði í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014. Gera þurfi breytingar á aðalskipulaginu og afmarka svæði fyrir rannsóknaholur sem iðnaðarsvæði.

Orkuveita Reykjavíkur telur að fyrir liggja öll gögn um áhrif rannsóknaborana á Ölkelduhálsi og telur framkvæmdina hafa lítil umhverfisáhrif.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytisins og Orkustofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Ferðamálastofu kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mat á umhverfisáhrifum og í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að umræddar rannsóknaboranir séu líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á landslag, verndargildi og útivist. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir séu fyrirhugaðar innan hluta svæðis á Náttúruinjasrá sem einkennist af stórbrotu landslagi og fjölbreytni að jarðfræðilegri gerð og þar sé að finna náttúruinjar sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Líffræðistofnunar Háskóla Íslands á gildi landslags á Hengilssvæðinu komi fram að svæðið við Ölkelduháls hafi hátt útivistargildi, mjög mikla fjölbreytni og mikla landslagsfegurð/sjónrænt gildi en þó sé talið að röskun á svæðinu sé talsverð. Umhverfisstofnun er sammála ofangreindum fullyrðingum Líffræðistofnunar sem varða gildi landslags á Ölkelduhálsi og að því svæði hafi einnig verið

töluvert raskað vegna framkvæmda. Því telur stofnunin að fara eigi hægt í framkvæmdir á svæðinu þar sem þær geti haft enn meiri áhrif á landslag og útivist. Samkvæmt 3. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum þarf við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda að athuga eðli framkvæmdar, m.a. með tilliti til sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum. Að mati Umhverfisstofnunar hefur verndargildi svæðisins rýrnað töluvert við þær framkvæmdir sem hafi verið leyfðar á svæðinu, þ.e. lagningu Búrfellslínu 3A sem og borun rannsóknarhola. Stofnunin telur að fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu geri svæðið enn manngerðara en það sé í dag og dragi enn frekar úr verndargildi þess. Að mati stofnunarinnar megi telja að sammögnunaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda á Ölkelduhálsi og þeirra mannvirkja sem fyrir eru kunni að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á verndargildi svæðisins. Við mat á áhrifum á verndargildi þurfi einnig að líta til þess að nú þegar sé búið að taka hluta Hengilssvæðisins undir virkjunarsvæði, sem auki enn á gildi annarra hluta þess. Stofnunin bendir á að þar sem fyrirhugaðar rannsóknarborholur verði á svæði sem sé vinsælt útivistarsvæði jafnt á sumri sem vetri, einkum til gönguferða og skíðaiðkunar, muni tímabundinn hávaði frá borholum í blæstri valda þeim sem njóta vilji útivistar á svæðinu ónæði. Jafnframt er bent á að í tilkynningu um framkvæmdir við rannsóknarboranir komi fram ófullnægjandi upplýsingar um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Fjalla þyrfti ítarlegar um þennan þátt, ekki síst þar sem áhrif á verndargildi landslags séu mikil.

Í umsögn Ferðamálastofu kemur fram að samkvæmt skýrslu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands sé landslagsgildi svæðisins á Ölkelduhálsi talsvert hátt og því líklegt að ofangreind framkvæmd hafi talsverð áhrif á upplifun ferðafólks á svæðinu. Einnig er bent á að komi fyrirhugaðar rannsóknarboranir til með að gefa góða raun þá verði þær nýttar til orkuframleiðslu með umtalsvert meira umfangi en verði við rannsóknarborun og þar af leiðandi verði umtalsverð sammögnunaráhrif af framkvæmdunum.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að til þess að draga úr áhrifum framkvæmda á landslag á Ölkelduhálssvæði sé borsvæðum valinn staður eins nærri fyrirbyggjandi vegslóðum og hægt sé og fjarri jarðmyndunum sem njóti verndar eða þykja sérstæð, auk þess að vera fjarri þeim svæðum þar sem yfirborðsvirkni hvera er þekkt. Ef ekki komi til vinnslu á svæðinu verður hægt að minnka borplön, græða upp vegi og borsvæði. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði því að mestu tímabundin. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hvorki hafa áhrif á friðlýstar náttúruminjar né jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd. Ölkelduhálssvæðið sé þegar töluvert raskað og manngert og þó að þessar framkvæmdir bætist við þá sé talið að sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum sem séu fyrir á svæðinu muni hafa lítil áhrif á verndargildi svæðisins.

Áhrif á gróður og fugla. Umhverfisstofnun bendir á að eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila séu framkvæmdasvæði rannsóknaborana við Ölkelduháls þokkalega gróin og gróðurfur fjölbreytt. Einnig kemur fram að gróðurfur á rannsóknarsvæði Orkuveitunnar á Hengilssvæðinu sé almennt fremur fábreytt. Í nágrenni við heitar laugar á Ölkelduhálsi hafi fundist jarðhitaplönturnar laugadepla, naðurtunga og grámygla og mosinn laugarandi, sem séu sjaldgæfar og telur Náttúrufræðistofnun Íslands mikilvægt að koma í veg fyrir að búsvæði þessara tegunda skerðist við framkvæmdir á Hengilssvæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands að vernda beri búsvæði framangreindra tegunda og því beri að

rannsaka nánar hvort og að hvaða marki fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á búsvæðin. Að öðru leyti telur stofnunin mikilvægt að gróðurlendum verði ekki raskað frekar með framkvæmdum á Hengilssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að jarðhitavökvi frá blásandi borholu geti haft áhrif á gróður í næsta nágrenni borstæða.

Umhverfisstofnun bendir á að skráðar hafi verið 10-12 tegundir varpfugla í Reykjadal og á Ölkelduhálsi. Talið sé að hrafn og fálki, sem séu á valista, hafi orpið í nágrenninu. Stofnunin telur mikilvægt að gengið sé úr skugga um að fyrrgreindar tegundir á valista verði fyrir óverulegum áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Einnig sé mikilvægt, ef til framkvæmda komi á Ölkelduhálsi, að boranir og blástur fari fram utan varptíma.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að lítið rask verði á gróðri af völdum framkvæmdarinnar og borsvæðin séu bæði fjarri hverasvæðum þar sem jarðhitagróður sé að finna. Jarðhitavökvi frá blásandi borholu geti haft áhrif á gróður í næsta nágrenni við borteiga berist hann yfir gróið land. Á vegum Orkuveitunnar hafa áhrif borana og prófana á gróður í nágrenni borstæða verið skoðuð á vinnslusvæðunum á Nesjavöllum og Hellsheiði. Gróðuráhrif vegna blásturs séu í flestum tilfellum lítil og aðallega sjáanleg á mosa- og fléttugróðri við afl- og vatnsmiklar holur. Áhrif af blæstri við holur á Hellsheiði hafa orðið minni þar sem nýr búnaður á hljóðdeyfa, þ.e. dropasía hafi minnkað vatnsaustur úr afl- og vatnsmiklum holum og þar með áhrif á nálægan gróður. Fram kemur að varðandi tegundir fugla á valista sé það eingöngu fálki sem verpi í nágrenni Ölkelduhálssvæðisins og sé vitað um eitt fálkasetur á þessu svæði sem Orkuveitan hafi upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun um og verði því ekki raskað. Hrafn sé á hinn bóginn talinn hafa orpið við Nesjavelli og á svæðinu við Hellskarð og Kolviðarhól.

Hávaði og ónæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða sé ekki sérstakt viðmiðunargildi fyrir hávaða á útivistarsvæðum utan þéttbýlis en viðmiðunargildi fyrir útivistarsvæði í þéttbýli sé 50 dB(A). Umhverfisstofnun hafi miðað við að almennt eigi að tryggja að hljóðstig á útivistarsvæðum fari ekki yfir 50 dB(A) og ljóst sé að hávaði frá borholunum verði töluvert yfir þeim mörkun á vinsælu útivistarsvæði jafnt á sumri sem vetri, einkum til gönguferða og skíðaiðkunar og að hávaði frá borholum í blæstri muni valda þeim sem njóta vilja útivistar á svæðinu ónæði á meða á framkvæmdum standi.

Framtíðarvinnslusvæði. Umhverfisstofnun telur að staðsetning borplana og vega sé stefnumarkandi fyrir frekari framkvæmdir ef til jarðhitanýtingar komi. Því sé nauðsynlegt að í upphafi rannsóknarborana sé tekin afstaða til staðsetningar mannvirkja, þ.m.t. virkjunar á Ölkelduhálsi og annarra skyldra mannvirkja. Umhverfisstofnun telur einnig að gera þurfi grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum tengingar virkjunar á Ölkelduhálsi við Nesjavalla- eða Hellsheiðarvirkjun enda sé um tengdar framkvæmdir að ræða.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að mikilvægt sé að kanna eðli jarðhitakerfis Hengilsins með rannsóknarborunum á nýjum svæðum, til að fá sem fyrst úr því skorið hvort nýta megi önnur svæði en virkjunarsvæðin á Hellsheiði og á Nesjavöllum til orkuvinnslu. Staðsetning borsvæða miði fyrst og fremst að því að afla nauðsynlegra upplýsinga um jarðhitasvæðið og um leið sé haft að leiðarljósi að umhverfisáhrif rannsóknarborana verði sem minnst. Orkuveitan geti ekki fallist á að á rannsóknastigi þurfi að gera grein fyrir hugsanlegum

umhverfisáhrifum tengingar virkjunar á Ölkelduhálsi við Nesjavalla- eða Hellisheiðarvirkjun og sammögnunaráhrifum. Ef Orkuveitan taki ákvörðun um nýja virkjun á Hengilssvæðinu muni fara fram mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða borun tveggja rannsóknarhola á tveimur 4000 m² borstæðum á Ölkeldhálsi og lagningu um 300 m vegslóða að annarri holunni. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 ci í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Fyrir liggur að fyrirhugaðar rannsóknarboranir eru liður í undirbúningi nýtingar jarðhita og leit að framtíðarvinnslusvæðum. Orkuveitan hefur gert grein fyrir að reynist mögulegt að nýta svæðið verði reist þar jarðgufuvirkjun og verði borholurnar tengdar við hana. Ennfremur er fjallað um möguleika á tengingu svæðanna við núverandi virkjanasvæði á Hellisheiði eða á Nesjavöllum. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu. Sama gildir um minni virkjanir, en jarðvarmavirkjanir með 50 MW uppsett varmaafli og orkuver með 10 MW uppsett rafafli eru hins vegar ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hefur bent á að staðsetning borstæða rannsóknarborana getið verið stefnumarkandi fyrir frekari framkvæmdir, komi til nýtingar jarðhita í kjölfar rannsókna. Fyrir liggur að þær rannsóknarholur sem fyrirhugað er að bora á Ölkelduhálsi verða boraðar sem vinnsluholur þannig að ganga verður út frá því að til áforma um nýtingu þeirra geti komið, gefi rannsóknir á þeim jákvæðar niðurstöður. Þar með myndi koma til byggingar virkjunarmannvirkja á Ölkelduhálsi eða í Þverárdal og þá myndi þurfa að bora fleiri vinnsluholur á þessu svæði.

Skipulagsstofnun telur að við ákvörðun um matsskyldu rannsóknarborana verði að horfa til þessara mögulegu framtíðarnota Ölkelduhálssvæðisins. Þannig telur stofnunin eðlilegt að gerð verði grein fyrir stærð og umfangi þeirra mannvirkja sem orkuvinnsla á Ölkelduhálsi myndi útheimta og með hvaða hætti tengja ætti svæðið við núverandi virkjanasvæði á Hellisheiði eða á Nesjavöllum. Í því sambandi vekur stofnunin athygli á að í matsskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur um stækkun Hellisheiðarvirkjunar frá því í desember 2005 komu fram allnákvæmar upplýsingar um þau mannvirki sem nauðsynleg væru vegna nýtingar orkuvinnslusvæðis uppi á Skarðmýrarfjalli án þess að rannsóknarholur hefðu verið boraðar á fjallinu.

Stefna um landnotkun á Ölkelduhálssvæðinu

Í samþykktu Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 er fyrirhugað framkvæmdasvæði á Ölkelduhálsi skilgreint sem opið óbyggt svæði til almennrar útiveru og þar er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Framkvæmdasvæðið er á Náttúruminjaskrá og á grannsvæði vatnsverndar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er þannig ekki innan svæðisins sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði- orkuvinnslusvæði í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 eins og þær rannsóknarholur á Ölkelduhálsi, HE-20 og HE-22, sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um þann 5. janúar 2005 að skyldu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Þannig liggur fyrir að ekki hefur af hálfu skipulagsyfirvalda í Sveitarfélaginu Ölfusi verið gert ráð fyrir orkunýtingu á Ölkelduhálsi. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að ákvarðanir um hugsanlega orkuvinnslu utan skilgreindra orkuvinnslusvæða á Hengilssvæðinu séu teknar með heildstæða stefnu um framtíðarnýtingu svæðisins í huga. Að mati Skipulagsstofnunar er ljóst að eftir því sem svæðum á

Hengilssvæðinu fjölgar sem skilgreind hafa verið sem iðnaðarsvæði og tekin frá til orkuvinnslu, eykst verndar- og útivistargildi svæða s.s. Ölkelduhálssvæðisins sem enn eru lítt röskuð eða bera mun minni einkenni röskunar í samanburði við orkuvinnslusvæðin.

Áhrif á landslag, verndargildi og útivist og ferðapjónustu

Umhverfisstofnun hefur bent á að fyrirhugðar framkvæmdir séu innan hluta svæðis á N áttúruminjaskrá sem einkennist af stórbrotnu landslagi og fjölbreytni að jarðfræðilegri gerð. Í umsögn Umhverfisstofnunar er jafnframt vísað til mats á gildi landslags á Hengilssvæðinu sem Líffræðistofnun HÍ hafi unnið. Samkvæmt niðurstöðum matsins búi svæðið við Ölkelduháls og nágrenni hans yfir sérstakri litauðgi, fjölbreytni í landslagi, hafi hátt útivistargildi og mikla landslagsfegurð/sjónrænt gildi en þó sé röskun á svæðinu talsverð. Að framansögðu telji Umhverfisstofnun að fara eigi hægt í framkvæmdir á svæðinu þar sem þær geti haft enn meiri áhrif á landslag og útivist. Ferðamálastofa hefur bent á að með hliðsjón af gildi svæðisins sem komi fram í ofangreindu mati Líffræðistofnunar sé líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi talsverð áhrif á upplifun ferðafólks á svæðinu.

Að mati Skipulagsstofnunar er ljóst að Ölkelduháls og nágrenni hefur talsvert landslagsgildi og þar með gildi til útivistar og bjóði upp á ýmsa möguleika tengda ferðapjónustu. Skipulagsstofnun tekur jafnframt undir sjónarmið Umhverfisstofnunar um að gildi svæðisins hafi rýrnað töluvert við þær framkvæmdir sem hafa verið leyfðar á svæðinu, þ.e. lagningu Búrfellslínu 3A sem og borun rannsóknarhola og að fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu geri svæðið enn manngerðara en það er í dag og dragi enn frekar úr gildi þess. Í því sambandi vill Skipulagsstofnun benda á að í vettvangskoðun stofnunarinnar 29. mars sl. kom skýrt í ljós að borstæði vegna borholu HE-22 stendur á mjög áberandi stað og hefur talsverð áhrif á annars óraskað yfirbragð svæðisins.

Verndargildi landslags á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er m.a. undirstrikað með því að svæðið er á Náttúruminjaskrá vegna stórbrotins landslags og fjölbreyttrar jarðfræði. Skipulagsstofnun telur að veglagning og gerð borstæða vegna fyrirhugaðra borana þar muni líklega skerða ásýnd svæðisins enn frekar og kunni þannig að hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðapjónustu á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að hafa samlegðaráhrif með þeim framkvæmdum sem þegar hefur verið ráðist í á Ölkelduhálsi og auki þannig enn á manngerða ásýnd svæðisins og rýri enn frekar verndargildi þess, sem felst m.a. í stórbrotnu landslagi. Framkvæmdir vegna rannsóknarborana á Ölkelduhálsi geta því haft í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Áhrif á gróður og fugla

Umhverfisstofnun hefur bent á að framkvæmdasvæði rannsóknaborana við Ölkelduháls sé þokkalega gróið og gróðurfar fjölbreytt. Því telur stofnunin mikilvægt að gróðurlendum verði ekki raskað frekar með framkvæmdum á Hengilssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að jarðhitavökvi frá blásandi borholu geti haft áhrif á gróður í næsta nágrenni borstæða.

Skipulagsstofnun telur að dreifing jarðhitavökva geti haft nokkur áhrif á gróður í nágrenni borhola og að leggja þurfi mat á hversu langt út frá borholu skemmdir af völdum jarðhitavökva geti náð við mismunandi veðurfarsaðstæður. Í vettvangsskoðun Skipulagsstofnunar þann 29. mars sl. var hola HE-20 í blæstri og veðurfarsaðstæður með þeim hætti að jarðhitavökvi úr gufustrók barst

talsverða vegalengd frá borholunni. Skipulagsstofnun telur að áhrif beinnar skerðingar á gróður vegna fyrirhugaðra framkvæmda verði ekki veruleg en með tilliti til samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum telur Skipulagsstofnun að leggja þurfi mat á heildargróðurskerðingu vegna núverandi framkvæmda og fyrri framkvæmda við borholu- og vegagerð auk skemmda á gróðri vegna dreifingar jarðhitavökva. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa veruleg áhrif á fugla á valista.

Vatnsvernd

Fyrirhugaðar boranir eru innan grannsvæðis vatnsverndar. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að skoða það fyrirkomulag að frárennsli við borun og blástursprófanir borhola innan grannsvæðis vatnsverndar verði veitt í lögn á yfirborði í svelgholur eða borholur utan grannsvæðisins til að koma í veg fyrir hugsanleg neikvæð áhrif á grunnvatn innan þess.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuveitunnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna og í ljósi þess sem að framan segir er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að boranir tveggja rannsóknarhola á austanverðum Ölkelduhálsi kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háðar mati á umhverfisáhrifum. Sú niðurstaða byggir á að framkvæmdirnar kunni að hafa verulega neikvæð áhrif á ásýnd Ölkelduhálssvæðisins vegna samlegðaráhrifa á landslag með þeim framkvæmdum sem þegar hefur verið ráðist í á Ölkelduhálsi og muni auka enn á manngerða ásýnd svæðisins og rýra verndarglidi þess. Verndargildi svæðisins er staðfest í Náttúruminjaskrá sem hluti svæðis sem nýtur verndar vegna stórbrotins landslags og fjölbreyttrar jarðfræði og telur Umhverfisstofnun, sem fer með eftirlit með framkvæmd laga um náttúruvernd, að framkvæmdirnar kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Einnig kunna framkvæmdirnar að hafa veruleg óbein áhrif á útivist á svæðinu og upplifun ferðamanna af landslagi þess þar sem gildi svæðisins byggir fyrst og fremst á sérstöðu hvað varðar landslag og hveravirkni og samspili þessara þátta. Einnig kunna framkvæmdirnar að hafa áhrif á gróður vegna dreifingar jarðhitavökva og á grunnvatn vegna frárennslis við borun og blástursprófanir en svæðið er innan grannsvæðis vatnsverndar. Skipulagsstofnun telur að gera verði ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir auki líkur á að hafin verði vinnsla jarðhita á Ölkelduhálssvæðinu með margföldum áhrifum mannvirkjagerðar á fyrrnefnda umhverfisþætti. Því er mikilvægt í mati á umhverfisáhrifum að gera grein fyrir afleiðingum þess að bora umræddar rannsóknarholur og þeirri stefnumörkun sem breyting á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 hefði í för með sér. Einnfremur vísast til eftirfarandi atriða sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum:

- Eðli framkvæmdar m.t.t. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum og m.t.t. ónæðis.
- Hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, m.t.t. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, m.t.t. áhrifa á verndarsvæði og m.t.t. álagspóls náttúrunnar.
- Áhrif framkvæmdar m.t.t. umfangs umhverfisáhrifa, hverjar líkur eru á áhrifum og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. maí 2006.

Póroddur F. Póroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfus, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.